# Útboð á loftmyndum af Íslandi

Gunnar H Kristinsson

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS





# 2000 - 2020

- Síðasta myndataka LMÍ – útboð
- Samsýn og Loftmyndir
- Spot5 2006
- Maxar í árslok 2019

# Útboð undirbúið

## Niðurstaða

Samkvæmt þarfagreiningunni er mikil þörf á opnu aðgengi að myndþekju af Íslandi enda er notagildi slíkra gagna mikið bæði meðal ríkisstofnana og sveitarfélaga einkum þegar kemur að skipulagi og vöktun. Allir aðilar telja að til þurfi að vera samræmdur myndagrunnur sem opinberir aðilar vinna með.



- Fjárveitingabréf 2019
- Skýrsla 2019
- Heildarkostnaður áætlaður 550m króna
- 125m á ári eftir það

# Heildarsamningur við Loftmyndir 2021

- Markmið
  - Samræma verð
  - Samræma skilmála
- Samið um aðgang að vefþjónustum
  - Allar A-hluta ríkisstofnanir
- Tímabundinn aðgangur að loftmyndaþekju Loftmynda (WMS)
  - 10 cm myndkort (lágflug)
  - 25 cm myndkort (miðflug)
- Tímabundinn aðgangur að loftmyndum Loftmynda (TIFF)
  - Afhendingarkostnaður
- Heimilt að afhenda þriðja aðila vegna verkefna á vegum stofnana
- Afleidd gögn eru eign stofnana

- Kostnaður vegna samnings um 95 milljónir + vsk á ári

# Alvarlegar athugasemdir Ríkiskaupa

„Í minnisblaði sínu telja Landmælingar Íslands ljóst að **ekkert** annað fyrirtæki á Íslandi, *eða öðrum löndum*, geti boðið aðgang að heildar loftmyndaþekju af landinu, með nægum gæðum og svo stuttum fyrirvara. „

a. Ríkiskaup hafa ekki undir höndum upplýsingar um hvaða vinna liggur hér að baki, hvaða gagna hefur verið aflað eða hvaða markaðskannanir Landmælingar Íslands hefur ráðist í sem gerir stofnuninni kleift að fullyrða með svo óyggjandi hætti að **ekkert annað fyrirtæki, hvorki á Íslandi né annarsstaðar, geti uppfyllt skilyrði samningsins**.

b. Ríkiskaup vilja þó árétta að samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar eru **óheimil** nema í þeim tilvikum sem talin eru upp í 39. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

Með vísan til framangreinds er það mat Ríkiskaupa að brýnt sé að klára forauglýsingu vegna fyrirhugaðs útboðs sem *allra fyrst* en að mati stofnunarinnar **uppfyllir núverandi samningur ekki lög um opinber innkaup**.

SKOÐUN

# Ef Viðskiptablaðið hefði spurt



Guðlaugur Þór Þórðarson

> **Viðskipti ríkisins við eitt fyrirtæki á sviði loftmynda var 120 milljónir á síðasta ári án útboðs og því ber skilyrðislaust að bjóða verkefnið út.**

Vegna umfjöllunar Viðskiptablaðsins í síðustu viku er rétt að taka fram að samkvæmt lögum um opinber innkaup er skylt að bjóða út vöru og þjónustukaup ríkisins ef upphæðin er yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum sem eru í dag 21. 041.000 kr.

Í mjög góðu viðtali við forstjóra Ríkisskaupa í sama blaði bendir hún réttilega á að útboð geta skilað miklum árangri og nefnir nýtt dæmi um sameiginleg innkaup opinberra aðila á raforku en þar náðist fram 2 milljarða króna ávinningur á samningstímanum. Viðskipti ríkisins við eitt fyrirtæki á sviði loftmynda var 120 milljónir á síðasta ári án útboðs og því ber skilyrðislaust að bjóða verkefnið út. Útboðið var, er og verður unnið í samstarfi við Ríkisskaup og nú er verið að fara yfir þá annmarka sem voru á útboðsgögnum samkvæmt niðurstöðu kærunefndar útboðsmála.

Það er með ólíkindum að það hafi farið fram hjá Viðskiptablaðinu að ég mun á þessum þingvetri leggja fram frumvörp þar sem stofnunum sem heyra undir ráðuneytið verður fækkað verulega. Þar er m.a. gert ráð fyrir að Landmælingar Íslands heyri sögunni til. Lögbundnum hlutverkum stofnunarinnar verður sinnt áfram í þeirri stofnun sem tekur við og tryggt að stofnunin sé ekki í samkeppnisrekstri.

*Höfundur er umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.*

## Viðskiptablaðið

# Útboð á vegum URN

Á grundvelli framangreinds var ákveðið að bjóða verkefnið út

URN samningsaðili fh. íslenska ríkisins

LMÍ tæknilegur ráðgjafi

Ríkiskaup sér um útboð

# Undirbúningur LMÍ

- Haft var samband við norrænar systurstofnanir
- Ákveðið að styðjast við reynslu og gögn Norðmanna og Dana
- Haft var samband við ýmsa hagaðila til að safna gögnum og mynda kaupandaþekkingu

# Aðferðarfræði og kröfur

- 60 blokkir, á bilinu 500 – 2500 km2 fyrir gagnaöflunina
- Hámark 2 dagar fyrir hverja blokk
- Blokkunum er skipt í tvö LOT
- Einn verktaki sér um hvert LOT
- 25 cm myndpunktstærð að lágmarki
- Staðsetningarnákvæmni er 1,5x myndpunktstærð og 2x myndpunktstærð í hæð (37,5cm og 50 cm)
- Skil á milli mynda eiga ekki að sjást
- Kontrólpunktar mældir
- True ortho af þéttbýli



 

# DPS útboð

- N.k. rammasamningur – Tveir fasar

1

- Einföld útboðslýsing send út
- Áhugasamir þurftu að sýna fram á hæfi til að framkvæma verkið

2

- Þeir aðilar sem töldust hæfir fengu að bjóða í verkið

# Útboð kært

- Insláttarvilla um tíma fyrir hvert lot
  - Leiðrétt
- Cost sharing  - flugvél
  - Skerpt á að gildi fyrir alla
- Cost sharing – slæmt veður
  - Skerpt á að gildi fyrir alla

- Lokaniðurstaða úrskurðarnefndar útboðsmála – Ógilt, bjóða út að nýju
  - Ósamræmi milli fasa útboðsins
  - Hugsanlegir þátttakendur höfðu ekki tækifæri til að kynna sér breytingar

# En…
# er ekki búið að mæla landið?



# Mbl.is 30. ágúst 2023

- ... endurvinna verkefni sem búið er að klára
- ... mun lægri kostnað
- ... ríkisvaldið í samkeppni
- ... „Hvaðan átti að galdra fram ....“
- ... lægri en áætlaður viðhaldskostnaður
- ... mun meiri gæðum

### Loftmyndirnar þegar til

Fyrirtækið Loftmyndir ehf. sérhæfir sig í loftmyndatöku, gerð myndkorta og landlíkana, uppsetningu og rekstri vefkortalausna auk skyldra verkefna. Fyrirtækið hefur verið starfandi hér á landi í um þrjátíu ár og þjónustar meðal annars mörg sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki.

„Allar stofnanir ríkisins hafa af loftmyndum okkar full afnot fyrir mun lægri kostnað en hefði fylgt væntanlegu útboði og það er ekkert sem kallar á að endurvinna verkefni sem þegar er búið að klára,“ segir Karl og veltir fyrir sér hvers vegna verið sé að bjóða út hluti sem þegar eru til. En þær loftmyndir sem til stóð að safna með útboðinu, eru þegar til af öllu Íslandi og af mun meiri gæðum.

### Samkeppni við einkaaðila

„Í gegnum tíðina hafi komið og farið ráðherrar sem höfðu á þessum málum ýmsar skoðanir. Sumir vildu meina að ríkið ætti að sjá um loftmyndatöku en ekki náðist samstaða um slíkt þar sem verkið er mjög kostnaðarsamt. Það er svo af öllum stjórnmálaflokkum Sjálfstæðisflokkurinn sem ákveður að ríkisvæða þessa starfsemi,“ segir Karl undrandi á ákvörðuninni um útboðið.

Hann rifjar upp orð Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra, frá árinu 2015 þegar gjaldfrjáls landupplýsingagrunnur var til umræðu á Alþingi.

Í ræðu sinni sagði ráðherrann „enga ástæðu fyrir okkur að ríkisvaldið sé í samkeppni við einkaaðila þegar þess er ekki þörf. Eðli málsins samkvæmt er markmið okkar að sjá til þess að til séu bestu upplýsingar en það er ekkert sjálfgefið að ríkið sé best til þess fallið að standa í því“.

„Notum ekki opinbert fé þar sem við þurfum þess ekki,“ sagði Guðlaugur enn fremur.

### Hvaðan á að draga upp hundraði milljóna?

Í þessu samhengi hefur Karl jafnframt velt því fyrir sér hvaðan peningar til verkefnisins áttu að koma. Hann segir engar fjárveitingar til verkefnisins hafa verið í fjárlögum eða í fjármálaáætlun til næstu fimm ára.

„Hvaðan átti að galdra fram einhver hundruð milljóna, til þess að greiða fyrir þetta útboð?“ spyr Karl.

Vísar hann til skýrslu frá Landmælingum sem gefin var út árið 2019 þar sem fram kemur að kostnaður við verkefnið sé um 600-700 milljónir.

„Og eftir það árlegur viðhaldskostnaður 130-150 miljónir – og höfum í huga að þetta er kostnaðaráætlun,“ segir Karl og bætir við að núverandi samningur ríkisins við Loftmyndir ehf., um afnot af loftmyndum af öllu landinu, með öllum uppfærslum sem gerðar eru, sé lægri en áætlaður viðhaldskostnaður nýja ríkisgrunnsins.

### Áhætta í loftmyndatöku mikil

Hann bendir einnig á að í útboðinu hafi dýrum verkliðum verið sleppt, sem íslenska ríkið ætlaði sjálft að bæta við sig.

Meðal annars með kaupum á tækjabúnaði og auknum mannafla, auk þess að taka á sig áhættuna vegna slæmra veðurdaga á myndatökutímabilinu, með því að greiða verktökum aukalega fyrir þá daga sem ekki yrði hægt að fljúga.



# Gæði loftmynda

- Aldur
- Upplausn (GSD)
- Staðsetningarnákvæmni
- Litajöfnun

- Íslenska ríkið sem verkkaupi getur gert kröfur í útboði

# Ekki alveg ein á báti



# Open Data Directive

- The main principle of the Directive is that government data should be **open by default and design**.  The provisions of the Directive include:
    - Release of non-personal data in **open formats and to open standards**.
    - Data to be available in real time and via APIs (where possible).
    - New rules on charging **- free reuse becomes a principle**.
    - Re-use of **publically funded research data.**
    - List of **High Value Datasets** (HVDs) to be laid down in an Implementing Act.
    - **Prevention of data lock-in**, exclusive arrangements discouraged.
    - **Re-use of data** held by public undertakings such as public utilities and transport providers.

European Commission

- The publication of data is driven by the belief that it brings **enormous benefits to citizens, businesses, and public administrations**
- Open data …. is considered "**an essential resource for economic growth, job creation and societal progress".**
- Increasing the **quality, efficiency, and transparency of public services**
- A driver for **economic growth**
- Help organisations make **more informed decisions**
- Enables the **inclusion of marginalised groups**
- Enhances **citizen participation** in traditional policymaking

- **The benefits of open data create substantial value to society as a whole**

# Tilraun 2

- Undirbúningur útboðs á heildarþekju loftmynda af Íslandi er kominn í gang
- Ekki DPS útboð
- Tæknilegur ráðgjafi er LMÍ og/eða Náttúrufræðistofnun

tímanum. Viðskipti ríkisins við eitt fyrirtæki á sviði loftmynda var 120 milljónir á síðasta ári án útboðs og það ber skilyrðislaust að bjóða verkefnið út. Útboðið var, er og verður unnið í samstarfi við Ríkisskaup og nú er verið að fara yfir þá annmarka sem voru á útboðsgögnum samkvæmt niðurstöðu kærunefndar útboðsmála.

SKOÐUN

## Ef Viðskiptablaðið hefði spurt

Vegna umfjöllunar Viðskiptablaðsins í síðustu viku er rétt að taka fram að samkvæmt lögum um opinber innkaup er skylt að bjóða út vöru og þjónustukaup ríkisins ef upphæðin er yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum sem eru í dag 21.041.000 kr.

Í mjög góðu viðtali við forstjóra Ríkiskaupa í sama blaði bendir hún réttilega á að útboð geta skilað miklum árangri og nefnir nýtt dæmi um sameiginleg innkaup opinberra aðila á raforku en þar náðist fram 2 milljarða króna ávinningur á samningstímanum. Viðskipti ríkisins við eitt fyrirtæki á sviði loftmynda var 120 milljónir á síðasta ári án útboðs og því ber skilyrðislaust að bjóða verkefnið út. Útboðið var, er og verður unnið í samstarfi við Ríkisskaup og nú er verið að fara yfir þá annmarka sem voru á útboðsgögnum samkvæmt niðurstöðu kærunefndar útboðsmála.



Guðlaugur Þór Þórðarson

> Viðskipti ríkisins við eitt fyrirtæki á sviði loftmynda var 120 milljónir á síðasta ári án útboðs og því ber skilyrðislaust að bjóða verkefnið út.

Það er með ólíkindum að það hafi farið fram hjá Viðskiptablaðinu að ég mun á þessum þingvetri leggja fram frumvörp þar sem stofnunum sem heyra undir ráðuneytið verður fækkað verulega. Þar er m.a. gert ráð fyrir að Landmælingar Íslands heyri sögunni til. Lögbundnum hlutverkum stofnunarinnar verður sinnt áfram í þeirri stofnun sem tekur við og tryggt að stofnunin sé ekki í samkeppnisrekstri.

*Höfundur er umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.*

LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS